



**LAUGARNESLEIR**



# Bókabúðin Laugarnes



hefur

selt

Laugarnesleir

síðan fyrstu

hlutirnir

voru á

boðstólum



Líti maður yfir sögu listarinnar, sést fljótt, að staða listamannsins í þjóðfélaginu hefur breytzt verulega á okkar dögum.

Á öllum tímabilum menningarsögunnar hefur jafnan verið lítill munur á manninum sem mótaði vasa og mannum sem málaði myndir á hallarveggi. Þeir voru jafnir listamenn og staða þeirra fór meira eftir því á hvern hátt þessi gáfa fékk útrás.

Það, sem allir listamenn áttu sameiginlegt, var ábyrgðin gagnvart þjóðfélaginu. Þeir létu þjóðfélaginu í té hagnýta hluti og gerðu þessa hluti að listaverkum — „Sófamálarinn“ var ekki enn kominn til sögunnar.

Þér fenguð best skilið hvernig þessu var háttað, ef þér nú tækjuð sérhvern þann hlut, sem fyrir augu ber í daglega lífinu og skoðuðuð hann með samskonar gagnrýni og þér skoðið að jafnaði málverk og höggmyndir.

Þekktur listfræðingur sagði einu sinni, að hann gæti dæmt eins vel um menningu þjóðar með því að skoða eldhússáhöld hennar, og því, að ganga margar mílur gegnum sali listasafna, þar sem saman væru komin stór listaverk.

Við, sem stöndum að þessari sýningu á keramik, höfum leitast við að finna aftur leiðina til þess hlutverks, sem við álítum að listamaðurinn eigi að gegna gagnvart þjóðfélaginu. Þess vegna höfum við kosið þetta hagnýtta listform



og lagt í þessa keramik þann persónulega skilning okkar á formi og litum, sem við ella hefðum sett á léreft eða höggvið í stein.

Við ætlum þessum hlutum jafnan sess á við málverk og höggmyndir sýningarinnar. Við höfum unnið að hvorttveggja af jafn mikilli natni og áhuga. Þess vegna mundi það gleðja okkur ef þér vilduð grandskoða þessa vasa, vínker, kaffikönnur o. s. frv. með sama hug og með sömu gagnrýni og málverkin og höggmyndirnar.

Leitið ekki að einhverju „laglegu og sætu“ af því að þetta séu „bara vasar“.

Hofteigi 21, Reykjavík, 20. maí 1950.

Gestur Þorgrímsson.

Sigrún Guðjónsdóttir.


Waistel.

Dolinda Tanner.

---

Frú Ásgerður Ester Búadóttir listmálari hefur vinsamlegast þegið boð okkar að sýna hér nokkrar ofnar myndir, sem hún hefur gert á síðastliðnum vetri.

Laugarnesleir.




„Fagur  
gripur  
er  
æ  
til  
yndis“

Við seljum Laugarnesleir

Jon Sigmundsson  
Skartgripoverzlun







# *Laugarnesleir*

*fæst í Flóru*

Mikið úrval  
af  
Laugarnesleir  
ávallt  
fyrirliggjandi



**Listmunaverzlun**

**G. Laxdal**

Laugaveg 18A



